

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31.10.2018

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um þingsályktunartillögu um aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2022, til að styrkja stöðu barna og ungmenna, 13.mál.

Öryrkjabandalag Íslands fagnar tillögunni og telur mikilvægt að Alþingi samþykki hana.

Löngu tímabært er að stjórnvöld leggi meiri áherslu á velferð barna. Gleðilegt er að sú aðgerðaráætlun sem lögð er fram byggir á rétti barnsins samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að til standi að lögfesta þriðju valfrjálsu bókunina við Barnasáttmálann.

Dæmi eru um að börn þurfi að bíða óeðlilega lengi eftir þjónustu eða fái jafnvel ekki nauðsynlega þjónustu vegna óvissu um ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. ÖBÍ telur það því mikið framfaraskref í íslenskri stjórnarsýslu að samráðshópurinn sem lagt er til að verði skipaður til að tryggja samræmingu og eftirfylgni áætlunarinnar sé skipaður fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem og aðilum frá öllum ráðuneytum. Fyrirkomulagið gefur von um að vinna eigi markvisst að samvinnu milli þjónustuaðila og að koma í veg fyrir að stjórnsýsluhindranir bitni á börnum.

Aðgerðaráætlunin

Allar aðgerðirnar í áætluninni eru mjög mikilvægar en ástæða er til að nefna sérstaklega þær tillögur að:

- Auka eigi gildi fjölskyldunnar t.d. með því að tryggja að foreldrar fatlaðra og langveikra barna geti sinnt börnum sínum
- Leggja eigi áherslu á gjaldfrjálsa fræðslu og ráðgjöf til foreldra barna með sérþarfir og foreldra langveikra barna
- Tryggja eigi aðgengi allra barna að sálfræðiþjónustu

- Biðlisti eftir þjónustu barna- og unglिंगageðdeildar Landspítalans verði stytur
- Efla eigi eftirfylgni með börnum og ungmennum með geðraskanir
- Styttu eigi bið eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar
- Samræma eigi rétt langveikra og fatlaðra barna til félagslegrar þjónustu
- Auka eigi stuðning við langveik börn og börn með hegðunarvandamál, geðraskanir og þroskafrávik
- Auka eigi víðtækar forvarnir
- Auka eigi fjölbreytni í meðferðarúrræðum

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna tryggir rétt allra barna en samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks tryggir réttindi og réttarstöðu fatlaðra barna sérstaklega. ÖBÍ tekur því sérstaklega undir kafla III. lið 5 en þar stendur „*fötludum börnum verði tryggður allur nauðsynlegur stuðningur og þjónusta og þau efla og styrkt til virkni. Eigi síður en á árinu 2019 verði samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks lögfestur*“.

Hugmyndir að aðgerðum sem koma fram í tillögunni eru yfirgripsmiklar og þarfar. Afar jákvætt er að stjórnvöld setji málefni barna í forgang og hrindi af stað verkefnum í þágu barna af fullum þunga. Við nánari útfærslur á aðgerðunum minnir ÖBÍ á samráðsskyldu stjórnvalda við hagsmunasamtök fatlaðs fólks til að tryggja hagsmuni fatlaðra barna, barna með skerðingar og langveikra barna.

Ekkert um okkur án okkar,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
Formaður Öryrkjabandalag Íslands